



Háskólinn á Hólum
551 Sauðárkrókur
s: 4556300
www.holar.is

Vegna: Áformaðrar lagasetningar um vandaða starfshætti í vísindum

Háskólinn á Hólum styður áform um lagasetningu um vandaða starfshætti í vísindum. Traust á vísindalegri starfsemi er grundvallaratriði í hverju samfélagi, og nauðsynlegt er að til sé áætlun um formleg viðbrögð við grun um að fagleg og siðferðileg vinnubrögð séu ekki í heiðri höfð.

Tekið er undir það sjónarmið sem fram kemur í skjalinu, og byggt er á ályktun háskólaráðs HÍ árið 2006, að rannsakendur og stofnanir hafi virkt sjálfsefirlit. Hvað snertir háskólana er þetta sérstaklega mikilvægt því þeir starfa sem sjálfstæðar stofnanir, og leggja áherslu á akademískt frelsi og lýðræði. Þetta er grunnur núverandi laga um háskóla hérlandis og er forsenda allra rannsókna sem þar fara fram. Háskólarnir eiga að hafa skýrar starfs- og siðareglur, sem og rannsóknastefnur sem tryggja sjálfsefirlit með rannsóknum.

Einnig er tekið undir þá tillögu að stofna miðlæga nefnd, skilgreinda með lögum, sem hafi það hlutverk að leiðbeina rannsakendum og stofnunum í einstökum málum, rannsaka mál sem vísað yrði til hennar og úrskurða um alvarleika brota. Hlutverk nefndarinnar yrði að vera skýrt afmarkað. Í lögum um slíka nefnd þyrfti að gæta þess að skilgreina vandlega hvernig standa beri að vísun mála til hennar, sem og hvort og þá hvernig nefndin ætti hugsanlega að hafa frumkvæði að rannsókn slíkra mála. Slíkt frumkvæði kæmi t.d. ekki til nema um mjög alvarleg og augljós brot sé að ræða. Hvað varðar hugsanlegt eftirlitshlutverk nefndarinnar með rannsakendum og stofnunum kann það að eiga við í einstökum tilfellum, og þarf þá að vera mjög vel útfært og afmarkað í lögum. Hvað snertir háskóla á allt grunnefirlit að vera á höndum skólans sjálfs og í anda þeirra alþjólegu vinnubragða sem nú eru viðhöfð og gilda í akademísku samfélagi. Eðlilegt er að nefndin væri skipuð fulltrúum vísindasamfélagsins, þ.á.m. sérfræðingum í faglegum og siðferðilega ásættanlegum vinnubrögðum í vísindum.

Að lokum er bent á að Gæðaráð íslenskra háskóla beinir sjónum sínum í auknum mæli að gæðum á umgjörð rannsókna og á hennar vegum starfar nú ráðgefandi Rannsóknarmatsnefnd (Research Evaluation Advisory Committee, REAC), sem í sitja fulltrúar háskólanna, Vísinda og tækniráðs og Gæðaráðs íslensku háskólanna (sjá handbók Gæðaráðs: <https://en.rannis.is/media/gaedarad/Final-for-publication-14-3-2017.pdf>). Ef áform um lagasetningu ná fram að ganga er lagt til að haft verði náið samráð við Gæðaráð íslenskra háskóla og þá sérstaklega Rannsóknarmatsnefnd þess, t.d. við samningu frumvarps.

Erla Björk Örnólfsdóttir
Rektor

Skúli Skúlason
Sviðsstjóri rannsóknasviðs